

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Sólheima í Grímsnesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sólheimar. Stofnandi hans er fulltrúaráð Sólheima. Lögheimili sjóðsins er Grímsneshreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 450 000, – fjögur hundruð og fimmtíu þúsund krónur –. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Gjafir, áheiti og önnur frjáls framlög til styrktar og uppbyggingar starfs og aðstöðu á Sólheimum í Grímsnesi.
2. Tekjur umfram gjöld af rekstri vinnustaða á Sólheimum.
3. Vaxtatekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að veita styrki eða lán til verklegra framkvæmda á Sólheimum.
2. Að veita styrki eða lán til kaupa á áhöldum eða verkfærum fyrir Sólheima.
3. Að veita starfsfólki eða öðrum styrki eða lán til náms eða námsdvalar á sviði er tengist starfi Sólheima.
4. Að styrkja ferðalög, sumardvalir og annað frítímastarf vistfólks á Sólheimum.
5. Að greiða kostnað vegna fjáraflana sjóðsins og heimilisins.

Sjóðnum er heimilt að kaupa eða byggja og reka félagslegar íbúðir, orlofsíbúðir og annars konar húsnæði.

Sjóðnum er ennfremur heimilt að eiga aðild að atvinnurekstri og standa fyrir sjálfstæðum fjáröflunum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Formaður stjórnar Sólheima skal vera formaður sjóðstjórnar. Fulltrúaráð Sólheima kýs aðra stjórnarmenn til eins árs í senn. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun innan sjóðstjórnar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ásamt forstöðumanni annast daglegan rekstur sjóðsins og umsjón hans. Gerðir sjóðsins og fjárhagar eru að öllu leyti aðskilin rekstri Sólheima.

Sjóðstjórn semur ársreikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum Sólheima. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Stjórn sjóðsins, með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta fulltrúaráðsmanna, getur breytt skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna eða lagt sjóðinn niður.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans varið í þágu Sólheima í Grímsnesi eða annarrar starfsemi þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. janúar 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir	Sorphreinsigjald	Kr. 2 550
	Sorpeyðingargjald	Kr. 1 450
B) Fyrirtæki	Sorphreinsigjald	Kr. 5 100
	Flokkur 1 Sorpeyðingargjald	Kr. 10 000
	Flokkur 2 Sorpeyðingargjald	Kr. 20 000
	Flokkur 3 Sorpeyðingargjald	Kr. 40 000
	Flokkur 4 Sorpeyðingargjald	Kr. 60 000
	Flokkur 5 Sorpeyðingargjald	Kr. 80 000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 29. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sígurbjörg Sæmundsdóttir.